



Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda umsókna og ráðninga í sumarstörf borgarinnar.

Á borgarráðsfundi þann 7. maí 2020 lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn um fjölda umsókna og ráðninga í sumarstörf borgarinnar:

Hversu mörg börn og ungmenni á aldrinum 14 – 25 ára hafa sótt um sumarvinnu hjá Reykjavíkurborg í vinnuskólanum og í sumarstörf. Hversu mörg börn og ungmenni hafa verið ráðin í sumarstörf hjá Reykjavíkurborg?

Svar:

Vinnuskóli Reykjavíkur

Megin hlutverk Vinnuskóla Reykjavíkur er að veita nemendum úr efstu bekkjum grunnskóla Reykjavíkur uppbyggileg sumarstörf ásamt fræðslu í öruggu starfsumhverfi. Öllum nemendum 8., 9. og 10. bekkja býðst að koma til starfa við fjölbreytt verkefni sem flest snúa að garðyrkju og umhirðu í borginni. Markmið með stofnun Vinnuskólans árið 1951 voru þau að tryggja að unglingar í borginni hefðu þroskandi vinnu yfir sumartímann og að ala með þeim almennar dyggðir eins og reglusemi, stundvísi og ábyrgðartilfinningu. Þessi markmið hafa lítið breyst í gegnum tíðina. Lögð er áhersla á að starfsumhverfið sé hvetjandi og gefandi og unnið er að því með markmiðasetningu með nemendum, auk þess sem þeir fá umsagnir um sín störf í lok sumars.

Skráningar í Vinnuskóla Reykjavíkur dags. 19.júní 2020 :

	Fjöldi	Skólaárg.	Hlutfall
8. bekkur	1220	1470	82,99%
9. bekkur	1138	1494	76,17%
10. bekkur	874	1413	61,85%
Alls:	3232	4377	73,84%

Árið 2019 voru rúmlega 2300 nemendur skráðir og gert var ráð fyrir um 2900 skráningum í ár. Vinnuskóli Reykjavíkur tekur við öllum sem skráðir eru. Auglýstur skráningafrestur er eingöngu til að ýta á eftir skráningum.

Sumarstörf

Reykjavíkurborg auglýsti sumarstörf í mars sl. og áætlað var að ráða 832 einstaklinga í sumarstörf og auk þess að ráðið yrði í 100 í störf hjá íþróttafélögum og æskulýðssamtökum í samvinnu við íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar. Fjöldi umsækjenda var 1749 og margir þeirra sóttu um mörg störf og alls bárust því 3770 umsóknir. Þar að auki er gerð breyting á ráðningarfyrikomulagi hjá um 370 starfamönnum sem starfa í hlutastörfum yfir veturinn og fara í fullt starf yfir sumartímann. Stærsti hluti þess hóps eru frístundaráðgjafar og frístundaleiðbeinendur á skóla- og frístundarsviði. Eins er farið með hóp starfsfólks á menningar- og ferðamálasviði.

Ein af viðspyrnuaðgerðum Reykjavíkurborgar vegna COVID-19 eru vinnumarkaðsaðgerðir. Borgarráð samþykkti í lok apríl að bæta 800 sumarstörfum til viðbótar við þau 832 störf sem höfðu þegar verið auglýst. Um er að ræða sumarstörf fyrir námsmenn 18 ára og eldri en lagt var upp með að fjöldi starfa fyrir þá yrðu 600 og að störfin væru sköpuð í samvinnu við Vinnumálastofnun og voru þau samþykkt með fyrirvara um að til kæmi framlag Atvinnutryggingasjóðs sem hluti af átaksverkefni um fjölgun starfa fyrir námsmenn í sumar. Reykjavíkurborg fékk úthlutað 450 störfum frá Vinnumálastofnun í fyrstu umferð í maí og síðan 115 til viðbótar nú í júní eða alls 565. Þá voru sköpuð 200 viðbótar sumarstörf fyrir 17 ára. Lögð er áhersla á að störfin nái til fjölbreytts hóps námsmanna. Bæði sé um að ræða fjölgun á hefðbundnum sumarstörfum en einnig að sköpuð verði óhefðbundin skapandi átaksstörf. 29. júní hefur verið ráðið í 361 starf af þeim 565 störfum sem auglýst hafa verið fyrir námsmenn 18 ára og eldri. Ráðið hefur verið í öll 200 störfin sem auglýst voru fyrir 17 ára til viðbótar. Alls hafa því verið ráðnir og komnir til starfa 1393 námsmenn í sumarstörf hjá Reykjavíkurborg og enn er verið að ganga frá ráðningum í þau störf sem Vinnumálastofnun úthlutaði í júní.

Lóa Birna Birgisdóttir
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs